## Minnisblað

Dagsetning: 29.09. 2023

Höfundur: Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV

Viðtakandi: Stjórn SSNV

## Efni: Staða samgöngumála á Norðurlandi vestra

Á 29. ársþingi SSNV þann 16. apríl 2021 var samþykkt að skipa samgöngu- og innviðanefnd sem skipuð yrði fulltrúum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi.

Fyrir hönd stjórnar SSNV óskaði framkvæmdastjóri þann 6. september 2023 eftir tilnefningu frá sveitarfélögum á Norðurlandi vestra eftir fulltrúum í Samgöngu- og innviðanefnd SSNV. Þegar tilnefningar liggja fyrir frá sveitarfélögum skipar stjórn SSNV formann nefndarinnar.

Framkvæmdastjóri SSNV mun starfa með nefndinni og draga aðra hagaðila að borðinu eftir þörf.

Hlutverk nefndarinn er að yfirfara gildandi samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra og uppfæra eftir þörfum. Sjá hér núgildandi útgáfu frá apríl 2022.

Skal endurnýjuð áætlun lögð fyrir ársþing SSNV 2024, ásamt lykilsamantekt.

## Samgönguáætlun 2024-2038 (þingsályktunartillaga)

- Mælt er fyrir samgönguáætlun á Alþingi haustið 2023.
- Efling almenningssamgangna um allt land eru ein af megin áherslum í áætluninni. Tryggja þarf að sú áhersla bæti þjónustu í heildstæðu kerfi almenningssamganga um land allt, líka á Norðurlandi vestra.

*Norðursvæði.*

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti / Kaflaheiti | Lengd kafla [km] | Eftirstöðvar kostnaðar 1.1.2024 [m.kr.] | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029-2033 | 2034-2038 | Óvissa kostnaðar-áætlunar | Hönnunar-stigi lokið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | | 60 | 60 | 60 | 60 | 60 | 325 | 350 | | |
| 1 | | Hringvegur | | | | | | | | | | | |
| | p4/p6 | Þelamörk – Akureyri | 9,5 | 4.150 | | | | | | | 4.150 | -15/+40% | Frumdrög |
| | q6 | Um Skjálfandafljót | 1,5 | 1.520 | | | | | | 1.520 | | -5/+15% | Verkhönnun |
| | r6 | Jökulsá á Fjöllum | 2 | 3.300 | | | | | | 1.050 | 2.250 | -15/+40% | Frumdrög |
| 76 | | Siglufjarðarvegur | | | | | | | | | | | |
| | 08 | Stafá – Ketilás | 13,0 | 2.500 | | | | | | 1.300 | 1.200 | -30/+70% | Skilgreining |
| 85 | | Norðausturvegur | | | | | | | | | | | |
| | 02-03 | Um Skjálfandafljót | 9,5 | 3.100 | | | 500 | 1.300 | 1.300 | | | -15/+40% | Frumdrög |
| | 04 | Kaldbakur – Húsavík | 2,8 | 600 | | | | | | | 600 | -30/+70% | Skilgreining |
| | 06 | Um Köldukvíslargil | 1,3 | 935 | | | | | | 935 | | -10/+25% | Forhönnun |
| | 27 | Brekknaheiði | 7,6 | 1.650 | 200 | 700 | 750 | | | | | -15/+40% | Frumdr./forh. |
| 711 | | Vatnsnesvegur | | | | | | | | | | | |
| | | Ýmsir staðir | 62 | 7.300 | | | | 300 | 426 | 6.574 | | -30/+70% | Skilgreining |
| 842 | | Bárðardalsvegur vestri | | | | | | | | | | | |
| | 01 | Hringvegur – Öxará | 3 | 500 | 100 | 200 | 200 | | | | | -15/+40% | Frumdrög |
| | 01-04 | Öxará – Sprengisandsleið | 34 | 4.300 | | | | | | 900 | 3.400 | -30/+70% | Skilgreining |
| | | **Samtals norðursvæði** | | | **360** | **960** | **1.510** | **1.660** | **1.786** | **12.604** | **11.950** | | |

**Samgönguáætlun þarf að vera samþætt öðrum áætlunum og stefnum innviðaráðuneytis** m.a. Byggða- og Húsnæðisáætlunum um að unnið sé að búsetufrelsi fyrir alla landsmenn.

- Horfa þarf betur til áherslna heimafólks við forgangsröðun verkefna á Norðurlandi vestra.
- Í því sambandi er bent á ítarlega Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra sem gefin á árinu 2022. Í áætluninni koma fram óskir sveitarfélaganna í landshlutanum hvað forgangsröðun verkefna varðar, sameiginleg áhersluatriði þeirra ásamt áhersluverkefnum einstaka sveitarfélaga.

**Vegakerfið í km**. Bundið og möl.

**Vegakerfið í km**

| | Stofnvegir km | Stofnvegir á hálendi km | Tengivegir km | Héraðsvegir km | Landsvegir km | Alls km |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæði | 130 | 0 | 62 | 39 | 0 | 231 |
| Suðursvæði | 910 | 276 | 870 | 670 | 591 | 3.317 |
| Vestursvæði | 1.319 | 40 | 930 | 732 | 226 | 3.247 |
| **Norðursvæði** | **1.177** | **164** | **1.086** | **838** | **682** | **3.947** |
| Austursvæði | 887 | 0 | 446 | 335 | 470 | 2.138 |
| **Samtals** | **4.423** | **480** | **3.394** | **2.614** | **1.969** | **12.880** |



## Jarðgöng

- Jarðgöng á áætlun – [skýrsla unnin fyrir Vegagerðina]() (til hliðsjónar)
- Jarðgangaáætlun:

### Samgönguáætlun 2024-2038

*Jarðgangaáætlun.*

| Vegnr. | Heiti jarðganga | Lengd [km] | Eftirstöðvar kostnaðar 1.1.2024 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029-2033 | 2034-2038 | Óvissa kostnaðar-áætlunar | Hönnunar-stigi lokið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 93 | Fjarðarheiðargöng* | 13,3 | 46.500 | 0 | 7.000 | 9.000 | 9.500 | 8.000 | 13.000 | | -5/+15% | Verkhönnun |
| | Önnur jarðgöng skv. jarðgangaáætlun* | | | | | | 5.000 | 7.000 | 64.500 | 61.000 | -30/+70% | Skilgreining |
| 793 | Siglufjarðarskarðsgöng, undirbúningur | | | 100 | 100 | 150 | | | | | | |
| 1 | Hvalfjarðargöng, undirbúningur | | | 100 | 100 | 100 | | | | | | |
| 82 | Ólafsfjörður – Dalvík, undirbúningur | | | 10 | 30 | 30 | | | | | | |
| | **Samtals jarðgangaáætlun** | | | **210** | **230** | **280** | **0** | **0** | **0** | **0** | | |
| | **Samtals utan fjárhagsramma** | | | **0** | **7.000** | **9.000** | **14.500** | **15.000** | **77.500** | **61.000** | | |

** Gert er ráð fyrir að fjármagna jarðgangagerð með gjaldtöku af umferð. Sjá nánar í umfjöllun um jarðgangaáætlun í greinargerð.*

## Vatnsnes og Síðuvegur

**Vatnsnesvegur og Síðuvegur: Skarð-Hringvegur 2027- 2033**



SGÁ: 2027-2033 (7.300 mkr)

70 km og breikkun þriggja stuttra brúa í 8 m

Harastaðaá, Grundará og Hörgshólsá

## Siglufjörður

**Stafá-Lambanes, 15 km 2027??**



Jarðgöng 5,2 km
Lambanes-Hólsdalur

## Tengivegir

**Tengivegir- bundið slitlag, fjárveitingar í mkr.**

| Svæði | Hlutfall 2022 | Hlutfall 2023-2027 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæði | | | | | 300 | | | |
| Suðursvæði | 23,68% | 22,42% | 588 | 463 | 493 | 561 | 561 | 561 |
| Vestursvæði | 27,58% | 28,67% | 685 | 539 | 631 | 717 | 717 | 717 |
| Norðursvæði | 37,11% | 34,70% | 922 | 726 | 763 | 868 | 868 | 868 |
| Austursvæði | 11,63% | 14,21% | 289 | 227 | 313 | 355 | 355 | 355 |
| Samtals | | 100,0% | 2.485 | 1.956 | 2.500 | 2.500 | 2.500 | 2.500 |

## Vatnsdalsvegur




- **Sæmundarhlíðarvegur**



- **Vetrarþjónusta**
    - Auknu fjármagni þarf að verja til vetrarþjónustu vega utan þéttbýlis með það að markmiði að aðlaga þjónustuna að þörfum samfélagsins og atvinnulífs.
    - Trygg og góð vetrarþjónusta er ein af grunnforsendum þess að markmið áætlana ráðuneytisins, um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um allt land, verði náð.
    - Bæta þarf við áætlunina að verkefni um að viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um kostnaðarþátttöku sveitarfélaga vegna snjómoksturs verði teknar til endurskoðunar í samvinnu við sveitarfélög á svæðinu.

- Skoða þarf einnig nýtingu fjármagns vegna viðhalds vega.
- Tímalína spannar 70 ár sem er í stuttu máli óásættanlegt ef við ætlum að tryggja bæði öryggi og aðgengi.
- Önnur spurning gæti verið hvort við hér á Norðurlandi vestra teljum fjármunum jafnt skipt í samhengi við heildina og almenn búsetuskyrði.
- Líka vantar að koma inn á orkuskiptin og áhrif þeirra á tímalínu og uppbyggingu innviða.

Bestu kveðjur,

**Katrín M. Guðjónsdóttir**

Framkvæmdastjóri

**Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra**

Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga

Sími 419 4552 — Farsími 788 0003

[https://www.ssnv.is/](https://www.ssnv.is/)| Fyrirvari/Disclaimer